

16. Fundur Samfélagsnefndar. Haldin í fjarfundarbúnaði þann 3.10.2019 klukkan 9:00.

Mætt voru: Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Signý Ormarsdóttir.

Dagskrá

1. Skýrsla formanns
2. Móttaka verkefnastjóra
3. Helstu verkefni verkefnastjóra næstu misserin
4. Viðvera í Austurbrú/Fljótsdal
5. Samfélagssjóður: Nýsköpunar- og framkvæmdasjóður
 - a) Hversu stór sjóður
 - b) Líftími
6. Fimmtudagskvöld í Fljótsdal
 - a) Dagskrá fram að áramótum
7. Önnur mál

1. Arna sagði frá samtölum við Ásdísi nýráðinn verkefnisstjóra, Jónu Árnýju og Byggðastofnun sem miða að undirbúningi fyrir Ásdísi í nýja starfinu.
2. Rætt var um hvernig taka mætti á móti og kynna nýjan verkefnisstjóra fyrir íbúum. Ein af hugmyndunum var að bjóða samfélagsþingi að taka á móti henni.
3. Helstu verkefni nýs verkefnisstjóra verða fyrir utan að setja sig inn í nýtt starf að velja verkefni í samstarfi við samfélagsnefndina sem koma þarf af stað. Hluti að því er að vinna betur úr skýrslu samfélagsþingsins. Önnur verkefni gætu verið fimmtudagar í Fljótsdal og vinna að stofnun samfélagssjóðs.
4. Sú hugmynd var rædd að Ásdís yrði að minnsta kosti með viðveru í Végarði fimmtudag eftir sveitarstjórnarfund en þann dag eru líka fyrirhuguð fimmtudagur í Fljótsdal og fundir samfélagsnefndar.
5. Ákveðið að fresta þessum lið fram að næsta fundi.
6. Ákveðið að bíða með skipulagninguna þar til Ásdís verður komin til starfa. Stefnt er að því að hald fimmtudag í Fljótsdal þann 24. október og ætlar Þórhallur að skipuleggja það.
7. Samfélagsnefndin ætlar að lágmarki að funda einu sinni í mánuði og stefnt á að það verði fyrsta fimmtudag eftir sveitarstjórnarfund.

Vegna þess að Arna formaður nefndarinnar verður búsett á Akureyri í vetur þá mun Þórhallur taka við formennsku fram að áramótum til að byrja með.

Næsti fundur ákveðinn mánudag 14. Október, staðsetning ekki ákveðin.

Fundi slitið klukkan 10:10

Lárus ritaði fundargerð í tölvu